

## Fréttabréf Foreldrafélags Hvolsskóla nóvember 2008

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 2. október. Þær breytingar urðu í stjórninni að Halla Bjarnadóttir meðstjórnandi og Poulá Kristín Buch gjaldkeri gengu úr stjórn og inn komu Inga Birna Baldursdóttir sem gjaldkeri og Vigdís Guðjónsdóttir sem meðstjórnandi.

Bekkjartenglar veturinn 2008-2009 eru á heimasíðu Hvolsskóla en slóðin er: <http://hvolsskoli.is/> Á þeirri síðu má einnig sjá helstu viðburði skólans, matseðla, myndir úr skólstarfinu og fleira.

Jólafondur verður sunnudaginn 23. nóvember frá 14-17 í Hvolsskóla og verður með hefðbundnu sniði. Fondur verður selt á staðnum og í tilefni af 100 ára afmæli Hvolsskóla ætlar Foreldrafélagið að bjóða upp á kakó og vöfflur.

Foreldrafélagið í Hvolsskóla er í samstarfi við Foreldrafélögin á Hellu og Laugalandi og skipuleggur fyrirlestra saman. Með þessu móti er hægt að bjóða upp á fleiri fyrirlestra. Haldinn var fyrirlestur á Hellu í október um forvarnir. Eftir áramót verður síðan boðið upp á fleiri fyrirlestra sem verða auglýstir þegar nær dregur.

Okkur langar að biðja þá sem voru bekkjartenglar síðasta vetur og eru með möppur að taka þær með sér á jólaföndrið og skila til meðlima stjórnarinnar.

Með kveðju,

Foreldrafélag Hvolsskóla